

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 5-2015

Tími: Mánudagur 13. apríl 2015, kl. 9:00, símafundur.

Mætt: Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrekter og varaformaður, Helena Guttormsdóttir, Bjarni Stefánsson, Þórdís Þórarinsdóttir og Guðni Þorvaldsson. Hilmar Janusson og Sigríður Hallgrímsdóttir voru fjarverandi.

1. Ráðning nýs rektors

ÁH gerði grein fyrir því að engin andmæli hefðu borist frá umsækjendum við álitni valnefndar en frestur sem gefinn var rann út þann 10. apríl s.l.

Samþykkt var að tilnefna dr. Björn Þorsteinsson sem rektor Landbúnaðarháskóla Íslands til næstu fimm ára. Björn hefur áratuga reynslu af háskólastarfi, sem rannsakandi, kennari og stjórnandi, auk þess sem hann hefur stýrt gæðastjórnun Landbúnaðarháskóla Íslands frá upphafi. Hann hefur staðið vel undir þeirri ábyrgð sem honum var falin þegar hann var settur rektor skólans 1. ágúst 2014.

Hilmar Janusson samþykkti þessa ákvörðun með tölvupósti í kjölfar hins formlega símafundar. Drög að bréfi til menntamálaráðherra höfðu verið send til allra ráðsmanna með góðum fyrirvara fyrir fundinn og þar sem engar athugasemdir höfðu borist frá Sigríði Hallgrímsdóttur lítur ráðið svo á að hún sé einnig samþykk þessari niðurstöðu.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla leggur háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands til að menntamálaráðherra skipi dr. Björn Þorsteinsson í embætti rektors Landbúnaðarháskóla Íslands frá og með 1. maí n.k. til næstu fimm ára.

2. Næsti fundur

Stefnt er að því að halda næsta fund þriðjudaginn 21. apríl n.k. kl. 13 á Hvanneyri.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:25.